

3. gr.

37

18. marz

Vöxtum sjóðsins, sem til úthlutunar koma, sbr. 2. gr., skal varið til að verðlauna það skáld, er hefur frumort á íslenzku fegurst ljóð á 10 árunum næstlíðnum, að dómi þriggja manna: Forseta Hins íslenzka bókmenntafélags, höfuðkennarans í íslenzkum bókmenntum við Háskóla Íslands og kennarans í íslenzku við kennaraskólann í Reykjavík. Þyki þeim eitthvert árið enginn maklegur verðlaunanna, falla þau niður það ár, og leggjast þá vextirnir við höfuðstólinn það ár. Engum má veita verðlaunin oftari en einu sinni á 10 árum. Jafnt má veita verðlaunin fyrir eitt kvæði eða sálm, ef svo sýnist, sem fyrir heilan ljóðabálk eða bók. Verðlaunin ná jafnt til Íslendinga austan hafs og vestan og hvar í löndum, sem þeir eru niður komnir, en eigi til annarra verka en þeirra, sem frumort eru á íslenzku.

Eigi skal þurfa að sækja um verðlaunin. Þess skal gæta, að sá, sem verðlaunin hlýtur, fái þau á sumardaginn fyrsta, og nefnast þau „Sumargjöf frá Birtingaholti“.

4. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

38

27. febr.

Verðlagsnefnd hefur, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksverð á fiskiönglum svo sem hér segir:

Í heildsölu kr. 31.26 pr. þús.

Í smásölu — 34.00 — —

Allir aðilar, sem flytja inn ofangreinda vöru, skulu skyldir til að tilkynna verðlagsnefnd jafnótt um öll ný innkaup, og hlíta verðjöfnun ef nefndin æskir þess.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. febrúar 1942.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

39

19. marz

Samkvæmt heimild í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 1 8. jan. 1942, er hér með bannað að leggja meira á eftirtaldar vörur í heildsölu og smásölu en gert var í árslok 1941:

Vefnaðarvörur og fatnaður, hvers konar sem er.

Skófatnaður, hvers konar sem er.

Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein er gerðardómi í kaupgjalds- og verðlagsmálum þó heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefndar, að úrskurða um breytingar á álagningunni og ákveða hana að nýju.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. marz 1942.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.